# Minjasafn Austurlands bs.

# Ársreikningur 2023

Minjasafn Austurlands bs.
Laufskógum 1
700 Egilsstaðir

Kt. 630181-0119

# Efnisyfirlit

Áritun stjórnar og framkvæmdastjóra ........ 3

Áritun óháðs endurskoðanda ........ 4

Rekstrarreikningur ........ 6

Efnahagsreikningur ........ 7

Sjóðstreymisyfirlit ........ 8

Skýringar ........ 9

# Áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Félagið er byggðasamlag tveggja sveitarfélaga, Múlaþings kt. 660220-1350 og Fljótsdalshrepps kt. 550169-5339.

Rekstrarniðurstaða ársins var neikvæð á árinu 2023 að fjárhæð 13,9 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé samlagsins í árslok nam 19,0 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Vísað er til ársreikningsins um jöfnun taps og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Stjórn Minjasafns Austurlands bs. og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning samlagsins fyrir árið 2023 með undirritun sinni.

Egilsstöðum, 20/3 2024

Stjórn:

Framkvæmdastjóri:

# Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og eigenda Minjasafns Austurlands

## Áritun um endurskoðun ársreikningsins

### Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Minjasafns Austurlands bs. („samlagið“) fyrir árið 2023. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.
Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu samlagsins 31. desember 2023 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2023, í samræmi við lög um ársreikninga.

### Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur, International Ethics Standards Board for Accountants Code of Ethics for Professional Accountants (IESBA Code) og siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur og IESBA Code. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi samlagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa samlagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits samlagsins.

# Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi samlagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert samlagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

## Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Egilsstöðum, 20. mars 2024

***KPMG ehf.***

# Rekstrarreikningur ársins 2023

| | Skýr | 2023 | 2022 | Áætlun 2023 |
|---|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur:** | | | | |
| Framlög sveitarfélaga ................................................ | 2 | 33.499.992 | 32.499.996 | 33.500.000 |
| Önnur rekstrarframlög ............................................... | 2 | 5.395.000 | 3.420.000 | 2.000.000 |
| Aðrar tekjur ............................................................... | 2 | 3.971.715 | 2.572.531 | 2.000.000 |
| | | 42.866.707 | 38.492.527 | 37.500.000 |
| **Rekstrargjöld:** | | | | |
| Vörunotkun ................................................................ | | 113.764 | 91.516 | 90.000 |
| Laun og launatengd gjöld .......................................... | 3 | 32.874.925 | 27.050.932 | 28.000.000 |
| Annar rekstrarkostnaður ............................................ | | 20.330.057 | 19.933.360 | 18.601.239 |
| Stjórnunarkostnaður .................................................. | | 3.465.712 | 3.317.075 | 2.720.000 |
| | | 56.784.458 | 50.392.883 | 49.411.239 |
| Rekstrartap án fjármunatekna og fjármagnsgjalda .................................................... | | ( 13.917.751) | ( 11.900.356) | ( 11.911.239) |
| Hreinar fjármunatekjur ............................................... | 4 | 37.053 | 3.943 | 0 |
| **Rekstrarniðurstaða ársins (neikvæð)** ...................... | 6 | ( 13.880.698) | ( 11.896.413) | ( 11.911.239) |

# Efnahagsreikningur

## Eignir

| | Skýr | 2023 | 2022 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir:** | | | |
| Fyrirframgreidd leiga | 5 | 11.911.243 | 23.822.482 |
| Fastafjármunir | | 11.911.243 | 23.822.482 |
| **Veltufjármunir:** | | | |
| Vörubirgðir | 1d | 102.961 | 113.751 |
| Næsta árs afborganir fyrirframgreiddrar leigu | 5 | 11.911.239 | 11.911.239 |
| Aðrar skammtímakröfur | | 180.411 | 305.023 |
| Handbært fé | 1e | 3.559.077 | 4.343.286 |
| Veltufjármunir | | 15.753.688 | 16.673.299 |
| **Eignir samtals** | | 27.664.931 | 40.495.781 |

## Eigið fé og skuldir

| | Skýr | 2023 | 2022 |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé:** | | | |
| Eiginfjárreikningur | 6 | 18.964.177 | 32.844.875 |
| **Skuldbindingar:** | | | |
| Aðrar skuldbindingar | 7 | 934.910 | 925.118 |
| | | 934.910 | 925.118 |
| **Skammtímaskuldir:** | | | |
| Viðskiptaskuldir | | 598.065 | 131.628 |
| Fyrirframinnheimtar tekjur | | 2.717.670 | 3.100.000 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 4.450.109 | 3.494.160 |
| | | 7.765.844 | 6.725.788 |
| Skuldir samtals | | 8.700.754 | 7.650.906 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 27.664.931 | 40.495.781 |

# Sjóðstreymisyfirlit ársins 2023

| | Skýr | 2023 | 2022 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar:** | | | |
| Rekstrarniðurstaða ársins (neikvæð) | 6 | ( 13.880.698) | ( 11.896.413) |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Aðrar skuldbindingar, breyting | 7 | 9.792 | 1.251 |
| Veltufé til rekstrar | | ( 13.870.906) | ( 11.895.162) |
| | | | |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum: | | | |
| Fyrirframgreidd leiga, breyting | 5 | 11.911.239 | 11.911.239 |
| Birgðir, lækkun | | 10.790 | 27.536 |
| Skammtímakröfur, lækkun | | 124.612 | 323.681 |
| Skammtímaskuldir, hækkun | | 1.422.386 | 123.600 |
| Fyrirframinnheimtar tekjur, lækkun | | ( 382.330 ) | ( 2.494.695 ) |
| Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum | | 13.086.697 | 9.891.361 |
| | | | |
| Handbært fé til rekstrar | | ( 784.209 ) | ( 2.003.801 ) |
| | | | |
| **Lækkun á handbæru fé** | | ( 784.209 ) | ( 2.003.801 ) |
| | | | |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | | 4.343.286 | 6.347.087 |
| | | | |
| **Handbært fé í árslok** | | 3.559.077 | 4.343.286 |

# Skýringar

**Reikningsskilaaðferðir**

**1. Grundvöllur reikningsskilanna**

**a.** Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

**b. Innlausn tekna**

Tekjur vegna framlaga aðildarsveitarfélaga samlagsins er færð miðað við samþykktar fjárveitingar. Tekjur af sölu á vörum og þjónustu eru færðar þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast.

**c. Færsla gjalda**

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda myndast.

**d. Birgðir**

Vörubirgðir í árlok eru metnar á síðasta innkaupsverði eða dagverði, hvort sem lægra reynist.

**e. Handbært fé**

Sjóðir og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

**f. Tryggingaverðmæti lausafjármuna**

Tryggingaverðmæti lausafjármuna byggðasamlagsins nam 2,4 millj. kr. í árslok 2023.

**g. Fjárhagsáætlun**

Fjárhagsáætlun samlagsins fyrir árið 2023 er hluti ársreikningsins og birt sem samanburðarfjárhæðir í rekstrarreikningi og sundurliðunum.

**2. Rekstartekjur**

| Rekstrartekjur greinast þannig: | **2023** | **2022** | **Áætlun** |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarframlag sveitarfélaga:** | | | |
| Fljótsdalshreppur | 887.952 | 892.272 | 919.732 |
| Múlaþing | 32.612.040 | 31.607.724 | 32.580.268 |
| | 33.499.992 | 32.499.996 | 33.500.000 |
| **Önnur rekstrarframlög:** | | | |
| Styrkir til sérverkefna | 5.395.000 | 3.420.000 | 2.000.000 |
| | 5.395.000 | 3.420.000 | 2.000.000 |
| **Aðrar tekjur:** | | | |
| Aðgangseyrir | 3.966.715 | 2.532.531 | 2.000.000 |
| Aðrar tekjur | 5.000 | 40.000 | 0 |
| | 3.971.715 | 2.572.531 | 2.000.000 |

**3. Starfsmannamál**

| Laun og launatengd gjöld greinast þannig: | **2023** | **2022** | **Áætlun** |
|---|---|---|---|
| Laun | 25.586.042 | 21.551.802 | 28.000.000 |
| Stjórnarlaun | 68.000 | 72.000 | 0 |
| Tryggingagjald | 1.898.007 | 1.578.993 | 0 |
| Lífeyrissjóður | 4.117.603 | 3.183.114 | 0 |
| Stéttarfélagsgjöld | 866.311 | 710.520 | 0 |
| Áfallið orlof, breyting | 338.962 | ( 45.497) | 0 |
| | 32.874.925 | 27.050.932 | 28.000.000 |

Í árslok störfuðu 3 starfsmenn hjá samlaginu.

Laun og launatengd gjöld stjórnar og framkvæmdastjóra námu 12,3 millj. kr. á árinu 2023 (2022: 11,2 millj. kr.).

## 4. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

| | 2023 | 2022 | Áætlun |
|---|---|---|---|
| Vaxtatekjur | 51.811 | 15.020 | 0 |
| Vaxtagjöld | ( 14.758) | ( 11.077) | 0 |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals | 37.053 | 3.943 | 0 |

## 5. Fyrirframgreidd leiga

Breytingar á fyrirframgreiddri leigu greinast þannig:

| | |
|---|---|
| Fyrirframgreidd leiga | 23.822.482 |
| Næsta árs afborgun | ( 11.911.239) |
| | 11.911.243 |

Afborganir af langtímakröfum greinast þannig á næstu ár:

| | |
|---|---|
| Árið 2024 | 11.911.239 |
| Árið 2025 | 11.911.243 |
| | 23.822.482 |

Fyrirframgreidd leiga er vegna fasteignarinnar Laufskógum 1 (Safnahúsið á Egilsstöðum).

## 6. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

| | Eigið fé |
|---|---|
| Eigið fé 1.1.2023 | 32.844.875 |
| Rekstrarniðurstaða ársins (neikvæð) | ( 13.880.698) |
| Eigið fé 31.12.2023 | 18.964.177 |

## 7. Skuldbindingar

Á byggðasamlaginu hvílir skuldbinding vegna sjóða sem eru í vörslu þess. Staða sjóðanna í árslok 2023 greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Hauksbókarsjóður | 56.564 |
| Byggingasjóður safnahúss | 878.346 |
| | 934.910 |

## 8. Leigusamningar

Minjasafnið leigir geymsluhúsnæði af sveitarfélaginu. Leigusamningar safnsins flokkast sem rekstrarleigusamningar og því eru þeir ekki færðir í efnahagsreikning. Núgildandi leigusamningur um geymsluhúsnæðið er ótímabundinn og er hann verðtryggður og breytast leigugreiðslur mánaðarlega í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs.

Rekstrarleigugjöld námu 2,8 millj. kr. á árinu 2023 (2022: 2,5 millj. kr.). Þau eru færð í rekstrarreikning meðal annars rekstrarkostnaðar. Framtíðarleigugreiðslur safnsins næstu ár verða 2,8 millj. kr. á ári en ekki er tekið tillit til áhrifa framtíðarverðbólgu á greiðslur verðtryggðs húsaleigusamnings.

# Sundurliðanir

| | 2023 | 2022 | Áætlun 2023 |
|---|---|---|---|
| **Annar rekstrarkostnaður:** | | | |
| Húsaleiga v/Laufskóga 1 | 11.911.239 | 11.911.239 | 11.911.239 |
| Húsaleiga | 2.828.572 | 2.507.117 | 2.520.000 |
| Rekstrarfélag Laufskóga 1 | 2.166.268 | 1.732.135 | 2.240.000 |
| Framlag til ljósmyndasafns | 1.098.012 | 1.060.881 | 1.070.000 |
| Safnafræðsla | 467.538 | 388.276 | 20.000 |
| Sarpur | 427.392 | 389.432 | 300.000 |
| Kostnaður vegna dagskrár | 334.224 | 224.047 | 50.000 |
| Heimasíða | 321.107 | 129.024 | 130.000 |
| Annar kostnaður | 316.635 | 269.538 | 270.000 |
| Áhöld og innréttingar | 167.988 | 355.754 | 0 |
| Forvarsla gripa | 124.907 | 0 | 20.000 |
| Ökutækjastyrkur vegna aksturs | 118.158 | 59.172 | 0 |
| Sérfræðiaðstoð | 16.500 | 0 | 0 |
| Námskeið og fagrit | 15.500 | 90.000 | 0 |
| Kostnaður vegna verkefna | 9.743 | 12.678 | 20.000 |
| Vátryggingar safngripa og áhalda | 6.274 | 5.852 | 50.000 |
| Kjarvalshvammur | 0 | 798.215 | 0 |
| | 20.330.057 | 19.933.360 | 18.601.239 |
| **Stjórnunarkostnaður:** | | | |
| Tölvukostnaður | 1.038.366 | 966.632 | 1.000.000 |
| Auglýsingar | 837.932 | 579.386 | 560.000 |
| Ferða og fundakostnaður | 514.039 | 801.923 | 120.000 |
| Endurskoðun og reikningsskil | 501.375 | 441.000 | 500.000 |
| Bókhaldsþjónusta | 285.485 | 271.565 | 320.000 |
| Pappír, prentun og ritföng | 172.776 | 133.958 | 80.000 |
| Póstur og sími | 115.739 | 122.611 | 140.000 |
| | 3.465.712 | 3.317.075 | 2.720.000 |